

Miðvikudaginn 14. október 1992.

Nr. 383/1992. **Ákærvaldið**

gegn

**Guðlaugi Agnari Pálmasyni.**

Kærumál. Viðurlagaákvörðun úr gildi felld.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. september 1992 samkvæmt heimild í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann ónýtingar á ákvörðun héraðsdómara á Norðurlandi eystra hinn 15. september 1992 um refsingu ákærða og sviptingu ökuréttinda.

Ákærða var birt krafa ríkissaksóknara 13. október sl., og kvaðst hann hvorki gera athugasemdir né vilja nýta sér rétt samkvæmt 3. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991.

Hinn 1. ágúst 1992 gaf sýslumaðurinn á Akureyri út ákæru á hendur ákærða, þar sem honum var gefið að sök „að aka laugar- daginn 13. júní 1992 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A-10858 um götur Akureyrar, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Skipagötu, Akureyri“. Var brot ákærða talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 23. janúar 1992, hefur hann á árunum 1990 og 1991 fjórum sinnum hlotið skilorðsbundna refsidóma í sakadómi Eyjafjarðarsýslu sem hér segir: Hinn 14. desember 1990 var hann dæmdur í fangelsi í 2 mánuði, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hinn 18. sama mánaðar var hann dæmdur til 3ja mánaða fangelsis, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn sömu greinum almennra hegningarlaga auk 2. mgr. 257. gr. sömu laga. Með dómi 9. janúar 1991 var hann dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Var hann jafnframt sviptur ökuleyfi í 6 mánuði. Loks hlaut hann dóm hinn 15. júlí sama ár, 3ja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244.

gr., sömu grein, sbr. 20. gr., og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Í tveim hinum síðastnefndu dómum var hinna tveggja fyrri ekki getið.

Mál þetta var tekið fyrir í héraðsdómi Norðurlands eystra hinn 15. september sl. Ákærði mætti í dómnum, og einnig var viðstaddur fulltrúi sýslumanns af hálfu ákærvalds. Bókað var meðal annars:

„Aðspurður viðurkennir ákærði þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali, að öllu leyti. Ákærða eru kynnt öll skjöl málsins, og eftir að hafa yfirfarið þau, gerir hann ekki athugasemdir og staðfestir nafnritanir.

Með vísan til sakarferils og dómaframkvæmdar, sbr. og 124. gr. oml., krefst fulltrúi ákærvalds, að refsing ákærða verði sekt, að fjárhæð kr. 35.000, málskostnaður kr. 5.253 og svipting ökuleyfis í 12 mánuði frá 3. júlí 1992, er ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Ákærði gerir ekki athugasemdir við kröfur ákærvaldsins og vísar til þess, að hann hafi að mestu hætt neyslu áfengis eftir áfengismeðferð.

Með vísan til ofangreinds og skv. 100. gr. umfl. nr. 50, 1997, er málinu lokið með ofangreindum hætti, og sæti ákærði 10 daga varðhaldi, greiðist sektin eigi fyrir 15. október nk.“

Ríkissaksóknari kærir þessi málalok, og segir svo m. a. í kæru hans:

„Með broti sínu rauf ákærði skilorð 2ja skilorðsdóma sakadóms Akureyrar, upp kveðinna 9. janúar og 15. júlí 1991. Í báðum dómnum voru sakarefni, að því er ákærða varðar, m. a. ölvun við akstur. Enda þótt ekki sé um bein ítrekunaráhrif að ræða að lögum frá fyrri ölvunarakstursdómum, sbr. 1. mgr. 71. gr. i. f. laga nr. 19, 1940, bar við ákvörðun viðurlaga í þessu máli ákærða að taka jafnframt afstöðu til áðurgreindra skilorðsdóma og þeirra refsinga, sem samkvæmt þeim voru skilorðsbundnar. Refsiákvörðun í máli ákærða nú, án tillits til fyrrnefndra skilorðsdóma og án þess að tillit sé tekið til sakferlis ákærða, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, verða að teljast fjarstæð málalok ...“

Í bréfi sínu til Hæstaréttar 30. september 1992 setur Ólafur Ólafs-

son, héraðsdómari á Norðurlandi eystra, fram svofelldar athugasemdir, sbr. 1. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991:

„Við ákvörðun viðurlaga í ofan nefndu dómsmáli var m. a. litið til ákvæða 60. gr. og 4. og 5. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Að athuguðu máli var fallist á sjónarmið fulltrúa ákærvalds, m. a. vegna ungs aldurs ákærða, að dæma ákærða refsingu sér í lagi í þessu máli, en láta skilorðsdómana haldast.“

Brot það, sem ákærða var gefið að sök samkvæmt ákæru sýslumannsins á Akureyri 1. ágúst 1992, var framið á skilorðstíma samkvæmt framangreindum dómum. Verður að telja, að eins og hér stóð á, hafi ekki mátt ljúka málinu með ákvörðun samkvæmt 124. gr. laga nr. 19/1991, heldur hafi átt að kveða upp dóm í því, sbr. 125. gr. sömu laga, þar sem ákærða yrðu ákveðin viðurlög, meðal annars með hliðsjón af 60. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að fallast á kröfu rikissaksóknara og fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

#### D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er úr gildi felld.